

Grímsnes-og Grafningshreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Borg
801 Selfoss

Reykjavík, 31. júlí 2023
UST202307-183/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga Deiliskipulag - Öndverðarnes 1 - Neðan-Sogsvegur 1a og 1b í Grímsnes – og Grafningshreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes – og Grafningshrepps er barst 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Öndverðarnes 1, Neðan-Sogsvegur 1a og 1b.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir tveimur lóðum þar sem heimilt er að reisa frístundahús og aukahús. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir aðkomuleið, bílastæðum og fráveitu.

Jarðmyndanir

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins segir varðandi uppbyggingu í dreifbýli að við skipulag byggðar og framkvæmdir skal hugað að því að merkar jarðmyndanir, gróðursvæði og mikilvæg búsvæði dýra verði fyrir sem minnstum áhrifum

Varðandi frístundabyggð segir í aðalskipulagi að frístundabyggð verði utan svæða sem mikilvægt er að vernda vegna náttúrufræðis, auðlinda, náttúruvár, sögu eða útivistargildis.

Umhverfisstofnun bendir á að hér er verið að skipuleggja frístundabyggð sem að öllum líkindum munu valda raski á svæði sem mikilvægt sé að vernda vegna náttúrufræðis sem eru hraun og birkiskógar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://serstokvernd.ni.is>) er á skipulagssvæðinu forsögulegt hraun (Álftarhólshraun) sem fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufræðis, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að svæðinu sé lýst í tillögunni og að verndargildi hraunsvæðanna séu kortlögð og metin.

Að mati Umhverfisstofnunar mun skipulagstillagan líklega valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri